



Atvinnustefna fyrir atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum á Þingvöllum

1. Inngangur

Meginhlutverk atvinnustefnu þjóðgarðsins á Þingvöllum er að skilgreina og móta atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, þ.m.t. hvers konar starfsemi sé heimilt að reka í þjóðgarðinum, hverjir megi stunda þar atvinnu, m.a. með tilliti til verndarmarkmiða þjóðgarðsins og samninga þar um, að teknu tilliti til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004 og ákvæða laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni nr. 100/2021 að því marki sem þau lög eiga við.

Atvinnustefnan er sett með vísan til 5. gr. a í lögum nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum og með hliðsjón af stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum 2018-2038. Þingvallanefnd er heimilt að setja reglugerð, sem ráðherra staðfestir, þar sem mælt er nánar fyrir um skilyrði fyrir rekstri, málsmeðferð og gerð samninga um atvinnutengda starfsemi. Ef misræmi er á milli einstakra ákvæða í atvinnustefnu þessari og ákvæða í settum lögum eða reglugerð þá gilda ákvæði laga og reglugerða framar.

2. Verndarmarkmið

Land þjóðgarðsins á Þingvöllum er friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari og lífríki. Þessi verndarmarkmið eru leiðarljós í öllu starfi þjóðgarðsins og stefnumótun, þar á meðal fyrir þá atvinnustefnu sem hér er sett fram.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er á heimsminjaskrá UNESCO og hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu sem verndarsvæði vegna einstaks menningarlandslags. Almennigur skal eiga kost á að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallanefnd setur.

3. Leyfi og samningar

Óheimilt er að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum, hverju nafni sem nefnist, án skriflegs samnings um slíka starfsemi. Í samningi skal setja þau skilyrði fyrir starfseminni sem talin er þörf á í samræmi við lög, m.a. vegna verndarmarkmiða þjóðgarðsins, sérstöðu hans sem helgistaðar íslensku þjóðarinnar og skráningar á heimsminjaskrá UNESCO.

Samningar um atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum geta verið af þrennum toga:

- *Nýtingarsamningur* sem veitir fyrirtæki heimild til að stunda atvinnutengda starfsemi á tilteknu svæði í þjóðgarðinum.
- *Rekstrarleyfissamningur*, sem er skriflegur samningur, fjárhagslegs eðlis, þar sem rekstrarleyfishafi fær leyfi til að veita tiltekna þjónustu á nánar skilgreindu svæði.
- *Sérleyfissamningur*, sem er skriflegur samningur, fjárhagslegs eðlis, þar sem sérleyfishafi fær einn, eða með öðrum, afnot af landi í eigu ríkisins og einkarétt til þess að sinna atvinnutengdri starfsemi eða veita tiltekna þjónustu á viðkomandi landi.

Í umsóknum um hvers kyns leyfi til reksturs atvinnutengdrar starfsemi og samninga skulu vera upplýsingar m.a. um tegund og umfang starfsemi, hvar hún fari fram, starfsstöðvar þjónustuaðilans og tengiliði auk mats á mögulegum áhrifum starfseminnar á umhverfið, áhrifum á aðra gesti og viðskiptavinum þjóðgarðsins.

Um gerð, auglýsingu og framkvæmd rekstrarleyfissamninga og sérleyfissamninga til atvinnutengdrar starfsemi í þjóðgarðinum gilda ákvæði laga nr. 100/2021, um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni.

Þingvallanefnd er ávallt skylt að auglýsa sérleyfissamning. Ef gerður er rekstrarleyfissamningur er þó aðeins skylt að auglýsa hann ef áætlað verðmæti samningsins, án virðisaukaskatts, er jafnt eða meira en 15 milljónir króna eða samningur er til lengri tíma en þriggja ára.

Sérleyfi og rekstrarleyfi skal ráðstafað á grundvelli hagstæðasta verðs. Það tilboð telst hagstæðast sem er hæst að fjárhæð eða með besta hlutfall milli verðs og gæða, nema aðeins eitt gilt tilboð berist. Við þær aðstæður auglýsir Þingvallanefnd samning á nýjan leik til þess að tryggja samkeppni um gæðin. Höfnun tilboðs við þessar aðstæður veitir bjóðanda ekki rétt til bóta. Þingvallanefnd er þó heimilt að ganga til samninga við bjóðanda ef hann hefur í aðdraganda auglýsingar látið óháðan sérfræðing meta áætlað markaðsverð samnings og tilboðið er jafnt eða hærra en það mat. Ef áætlað markaðsverð er ákveðið á verðbili skal tilboðið vera jafnt eða hærra en meðaltal verðbilsins.

Þegar sérleyfis- eða rekstrarleyfissamningur er auglýstur skal öllum gefinn kostur á að leggja fram tilboð. Auglýsingaferlið má vera í tveimur þrepum þar sem í fyrra þrepi er tekin afstaða til þess hvort fyrirtæki uppfylli hæfiskröfur og í seinna þrepinu er tekin afstaða til gildra og aðgengilegra tilboða. Heimilt er að viðhafa samkeppnisviðræður, hönnunarsamkeppni, samkeppnisútboð og samningskaup, að uppfylltum skilyrðum laga um opinber innkaup. Um almenna skilmála og auglýsingagögn er fjallað í 18. gr. laga nr. 100/2021, þar sem tilgreindar eru allar nauðsynlegar upplýsingar til að fyrirtæki sé unnt að gera tilboð.

Auglýsingar vegna rekstrarleyfissamninga og sérleyfissamninga eru birtar rafrænt á sameiginlegum vettvangi sem ráðherra mælir fyrir um í reglugerð. Í auglýsingu koma fram nægilega miklar upplýsingar til að áhugasamir aðilar geti tekið afstöðu til þess hvort þeir hyggist taka þátt í ferlinu. Stjórnvöld veita án endurgjalds beinan rafrænan aðgang að auglýsingargögnum frá og með birtingardegi auglýsingar. Í auglýsingu skal koma fram hvar hægt sé að nálgast auglýsingargögn rafrænt.

Tilboðum vegna rekstrar- og sérleyfissamninga skal skilað og þau opnuð rafrænt. Eftir lok tilboðsfrests skal tilkynna fyrirtækjum um nafn hvers bjóðanda og heildartilboðsupphæð. Frestur til að skila tilboðum skal vera nægjanlega langur til að fyrirtæki geti undirbúið tilboð. Í tilviki rekstrarleyfissamninga skal fresturinn ekki vera skemmri en 20 almanaksdagar frá birtingu auglýsingar. Í tilviki sérleyfissamninga skal fresturinn ekki vera skemmri en 45 almanaksdagar frá birtingu auglýsingar. Hafi svar við tilboði ekki borist innan þess frests sem er tilgreindur í auglýsingargögnum er bjóðandi ekki lengur bundinn af tilboði sínu. Þegar leyfisveitanda er ekki unnt að taka afstöðu til tilboða innan gildistíma þeirra sé heimilt að óska eftir því að bjóðendur framlengi tilboð sín í stuttan tíma. Um hæfiskröfur, val á tilboði og samningsskilyrði er fjallað í VI. kafla laga nr. 100/2021, nánar tiltekið ákvæðum 21. gr.–24. gr.

Þegar gerður er samningur um atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins skal ætíð lögð áhersla á skýra, skilvirka og hagkvæma nýtingu sem og gagnsæi, hlutlægni og jafnræði.

Heimil er gjaldtaka í samræmi við heimildir þjóðgarðsins samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi sem getur nýst til aðgangsstýringar og til að mæta kostnaði við þjónustu og eftirlit með dvalargestum.

4. Skilyrði fyrir atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins

Öll atvinnustarfsemi innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum þarf að samræmast verndarmarkmiðum, friðun og stöðu þjóðgarðsins sem helgistaðar þjóðarinnar, vera í samræmi við megináherslur í stefnumörkun Þingvallanefndar 2018-2038 sem og skráningar á heimsminjaskrá UNESCO.

Sú atvinnustarfsemi sem heimiluð er innan marka þjóðgarðsins skal að jafnaði tengjast náttúru, menningu og/eða sögu Þingvalla.

Starfsemi innan þjóðgarðsins er almennt ætlað að auka og bæta upplifun gesta og mæta þörfum þeirra og væntingum.

Atvinnustarfsemi sem fer fram innan þjóðgarðsins skal uppfylla gæðakröfur og hafa tilskilin leyfi og tryggingar eftir því sem við á hverju sinni. Vanda skal til verka við framboð á vöru og þjónustu innan þjóðgarðsins.

Kjarnastarfsemi innan þjóðgarðsins skal almennt rekin af þjóðgarðinum sjálfum en önnur þjónusta skal almennt rekin af einkaaðilum samkvæmt skriflegum samningi við þjóðgarðinn.

Við uppbyggingu þjónustu skal samnýta aðstöðu innan þjóðgarðsins eftir því sem kostur er en jafnframt lágmarka hættu á árekstrum milli ólíkra notendahópa.

Atvinnutengd starfsemi innan þjóðgarðsins skal taka mið af sjálfbærri þróun, fjölbreytni, varúðarsjónarmiðum og öðrum umhverfissjónarmiðum, ásamt því að dregið sé eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í ljósi sérstakrar stöðu þjóðgarðsins, sögu, menningar og friðunar, veitir Þingvallanefnd ekki, nema í sérstökum undantekningartilvikum, leyfi fyrir varanlegri aðstöðu innan þjóðgarðsins undir rekstur atvinnutengdrar starfsemi, hvorki fyrir fasteignir, bifreiðar, annað lausafé eða búnað og skal sú atvinna sem heimiluð er innan þjóðgarðsins, almennt miða við að leyfishafar fjarlægji öll tæki og búnað, hverju sinni, eftir notkun.

5. Samráð

Þjóðgarðurinn leitar eftir samstarfi og samráði við félög og stofnanir sem tengjast sögu Þingvalla, fyrst og fremst Alþingi og þjóðkirkjuna eftir því sem við á. Þjóðgarðurinn hefur einnig samráð við sveitarstjórnir í grennd við þjóðgarðinn um þau mál þar sem hagsmunir kunna að skarast, t.d. um skipulagsmál.

Samráð við hagaðila skal vera virkt, skipulegt og til þess fallið að leiða í ljós mikilvæg úrlausnarefni í samskiptum þjóðgarðsins við þá einkaaðila sem stunda atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn miðlar upplýsingum, tímanlega og ítarlega, um fyrirætlanir sínar og stjórnsýslu. Þjóðgarðurinn leggur einnig fram upplýsingar um náttúrufar, sögu og menningu, sem nýtast við þróun vöru og þjónustu

Þjóðgarðurinn kynnir tímanlega allar breytingar sem gerðar eru á atvinnustefnunni, á hverjum tíma, sem geta haft áhrif á þá sem byggja afkomu á þjóðgarðinum eða gestum hans og leitast við að milda áhrif slíkra breytinga.

6. Endurskoðun

Atvinnustefnan þjóðgarðsins skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Samþykkt af Þingvallanefnd 10. desember 2025